

Stofnanasamningur
Félags íslenskra náttúrufræðinga
og
Hafrannsóknastofnunar

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) sem eru í ráðningarsambandi hjá Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatna (Hafrannsóknastofnun), svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, barnsburðar- eða veikindaleyfi. Samningurinn er hluti kjarasamnings FÍN og fjármálaráðherra, eins og hann er á hverjum tíma, sbr. 11. kafla, svo og fylgiskjölum og bókunum eftir því sem við á.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið stofnanasamningsins:

- a) að tryggja stofnuninni hæft og gott starfsfólk,
- b) að launakerfið sé sveigjanlegt, feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti,
- c) að umbunað sé fyrir þá sérhæfingu sem starfsemi stofnunarinnar krefst og að þekking starfsmanna sé reglulega metin og að starfsmönnum verði tryggð tækifæri til starfsþróunar,
- d) að launakerfið taki mið af skipulagi og stefnu stofnunar og nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- e) að launaþróun starfsmanna taki mið af því að stofnunin sé samkeppnishæf við sambærilegar ríkisstofnanir og viðmiðunaraðila á almennum vinnumarkaði,
- f) að mat á framgangi starfsmanns í starfi hafi áhrif á ákvörðun launa og fari fram með reglubundnum hætti.

3. Grunnröðun starfs

Við röðun starfsmanna í starfsheiti og launaflokka skal miða við viðvarandi/stöðugt verksvið. Raða skal í starfsheiti í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna samkvæmt hlutlægum mælikvörðum ef unnt er.

Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem ráðast af kunnáttu þeirra einstaklinga sem gegna starfinu hverju sinni.

Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

JG
KH of

3.1 Skilgreiningar á starfsheitum og launaflokkar

Náttúrufræðingur 1 (N1); Lfl. 8

Starfsmaður sem annast almenna gagnasöfnun eða úrvinnslu sýna undir leiðsögn.

Eftir 6 mánuði í starfi sem N1 hækkar starfsmaður um 2 launaflokka.

Eftir 1 ár í starfi sem N1 hækkar hann til viðbótar um 2 launaflokka.

Eftir 3 ár í starfi sem N1 hækkar hann upp í N2.

Náttúrufræðingur 2 (N2); Lfl. 14

Starfsmaður sem hefur umsjón með afmörkuðum verkþáttum, eða vinnur við úrvinnslu gagna og túlkun á niðurstöðum með skýrslugerð eða greinaskrifum undir leiðsögn.

Starfsmaður með MSc-próf raðast ekki lægra en N2.

N2 hækkar innan 4 ára í N3 uppfylli hann kröfur fyrir N3 samkvæmt starfsþróunaráætlun enda liggi slík áætlun fyrir.

Náttúrufræðingur 3 (N3); Lfl. 16

Starfsmaður sem hefur umsjón með umfangsmiklum verkþáttum.

Starfsmaður sinnir verkstjórn, s.s. leiðangursstjórn, skipuleggur og hefur umsjón með vinnu annarra.

Starfsmaður sem vinnur sjálfstætt við úrvinnslu gagna og túlkun á niðurstöðum með skýrslugerð í samráði við sérfræðing.

Náttúrufræðingur 4 (N4); Lfl. 18

Starfsmaður sem vinnur að öflun verkefna, ber faglega ábyrgð á rannsóknaverkefnum eða verkþáttum innan stærri verkefna, vinnur við gerð rannsóknáætlana, úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna með birtingu skýrslu og greina.

Starfsmaður sem stjórnar og hefur umsjón með umfangsmiklu verkefni eða fleiri smærri verkefnum sem krefjast mikillar skipulagsvinnu og umsjón með vinnu annarra.

Starfsmaður sem hefur mikla faglega ábyrgð á rannsóknum eða er fulltrúi stofnunarinnar í ráðgjöf á sínu sviði.

Starfsmaður sem hefur birt 5 greinar í ritrýndum tímaritum, þar af 2 sem fyrsti höfundur.

Náttúrufræðingur 5 (N5), Lfl. 20

Starfsmaður sem hefur umsjón með miðlungsstórum verkefnaflokkum og er í tíðum samskiptum við stjórnvöld og aðrar stofnanir.

Starfsmaður sem tekur virkan þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem styrkt eru af rannsóknasjóðum.

56
mf

Náttúrufræðingur 6 (N6): Lfl. 23

Starfsmaður sem hefur stjórn og umsjón með stærri verkefnaflokkum og er fulltrúi stofnunar í stöðugum samskiptum við stjórnvöld og aðrar stofnanir.

Starfsmaður leiðir alþjóðlegar vinnunefndir eða samstarfsverkefni.

Starfsmaður sem hefur með sinni vísindalegu vinnu öðlast viðurkenningu á alþjóðavettvangi með greinaskrifum í ritrýnd tímarit, að lágmarki 20 greinum, þar af 5 sem fyrsti höfundur.

Sviðsstjóri: Lfl. 26

Stjórnar sviði samkvæmt skipuriti stofnunarinnar.

Menntunarálag skv. gr. 3.3 miðast við doktorspróf.

3.2 Umsjón starfsstöðva

Fyrir umsjón starfsstöðvar með 2-3 starfsmenn hækkar starfsmaður um 1 lfl.

Fyrir umsjón starfsstöðvar með 4 starfsmenn eða fleiri hækkar starfsmaður um 2 lfl.

3.3 Starfsbundnir þættir

Taka skal tillit til viðbótarmenntunar umfram grunnmenntun í samræmi við úrskurðarorð gerðardóms (11.3.3.1), frá 14. ágúst 2015, sbr. samkomulag FÍN og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs frá 16. janúar 2017. Þar segir:

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (Bakkalárpróf/BA/BS/B.Ed.) í starfslýsingu skal hún metin til viðbótar við grunnröðun til launaflokka sem hér segir:

- | | |
|--|----------------|
| • Diplóma eða sambærilegt nám (60 ECTS) | 2 launaflokkar |
| • Meistaránám (90-120 ECTS) | 4 launaflokkar |
| • Doktors- eða sambærileg gráða (180 ECTS) | 6 launaflokkar |

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

4. Persónubundnir þættir

4.1 Viðbótarmenntun

Við grunnröðun starfs samkvæmt 3. gr. bætast við launaflokkar vegna viðbótarmenntunar í samræmi við gerðardóm dags. 14. ágúst 2015 þar sem segir:

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 launaflokka, meistaragráða leiði til hækkunar

um 4 launaflokka og doktors- eða sambærileg gráða um 6 launaflokka, en þó aldrei hærra en launataflan leyfir. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

5. Umbun vegna sérstakra tímabundinna starfstengdra þátta

Til að gera launakerfið afkastahvetjandi og stuðla að sveigjanleika í verkefnum stofnunarinnar, hafa aðilar orðið ásáttir um greiðslur til starfsmanna vegna afkastahvetjandi þátta, s.s. ritgerð, fyrirlestur, kynningu eða annarra þátta. Sjá nánar viðauka 1 með samningi þessum.

6. Starfsmannasamtal

Regluleg og kerfisbundin starfsmannasamtöl starfsmanns og næsta yfirmanns skulu fara fram a.m.k. einu sinni á ári. Í þeim samtölum er fyrst og fremst rætt um starfið og starfsþróun, frammistöðu og hæfni starfsmanna, afköst og vinnuástöðu, líðan í starfi o.fl. Starfslýsing skal endurmetin í árlegu starfsmannasamtali og við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar.

7. Launaviðtal

Starfsmaður getur óskað eftir launaviðtali og skal það eiga sér stað eigi síðar en einum mánuði eftir að ósk er fram borin. Tilkynna skal starfsmanni um breytingar á launakjörum innan mánaðar frá viðtali.

8. Launasetning

Stofnunin skal í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki launasetningu og breytingum á launasetningu og kynna þær fyrir starfsmanni á röðunarblaði.

Röðun skal vera skjalfest og aðgengileg starfsmanni og trúnaðarmanni sé þess óskað.

9. Yfirvinna í rannsóknarferðum fjarri heimili og föstum vinnustað

Aðilar eru sammála um að vinna fjarri heimili og föstum vinnustað skuli eftir því sem kostur er unnin virka daga. Undantekningar frá því skulu vera í samráði við sviðsstjóra. Sjá viðauka 2 um yfirvinnugreiðslur fjarri föstum vinnustað.

10. Sveigjanlegur vinnutími

Starfsmenn skulu eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma í samráði við yfirmann. Þegar vinnuskylda hefur verið uppfyllt skal starfsmaður eiga kost á að taka yfirvinnu sem unnin er út í fríi í samráði við yfirmann (sbr. grein 2.3.8. í aðalkjarasamningi).

11. Hlífðarfatnaður

Starfsmönnum skal séð fyrir hlífðarfatnaði vegna vinnu þeirra sem falli að þörfum hvers starfs (sbr. grein 8.2 í aðalkjarasamningi). Hlífðarfatnaður skal endurnýjaður eftir eðlilegt slit eða óhöpp.

12. Hlutverk samstarfsnefnda og meðferð ágreiningsmála

Hlutverk samstarfsnefnda er að fjalla um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka sbr. 25.gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og að koma á sáttum í ágreiningsmálum sem kunna að rísa vegna framkvæmdar stofnanasamnings. Samstarfsnefndir taka til umræðu hvaða þættir teljast málefnalegir þegar taka á ákvarðanir um laun og hvaða forsendur þurfa að vera til staðar svo launaákvæðanir teljist hlutlægar og gagnsæjar. Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til samstarfsnefndar og kallað hana til starfa. Beina skal erindi

SA
M

til gagnaðila með skriflegum hætti og skal gagnaðili koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið er en þó eigi síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar (sbr. 11. kafla í aðalkjarasamningi).


13. Gildistími og ákvæði um endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. júlí 2016. Hvor aðili getur árlega óskað eftir endurskoðun á stofnanasamningi þessum og oftár ef aðilar ná um það samkomulagi.

Reykjavík, 30. júní 2017


F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

F.h. Hafrannsóknastofnunar













Viðauki 1

Greiðslur vegna sérstakra tímabundinna starfstengdra þátta

Til að gera launakerfið afkastahvetjandi og stuðla að sveigjanleika í verkefnum stofnunarinnar, hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi greiðslur til starfsmanna.

Greiðslur fyrir afkastahvetjandi þætti (1.1-1.4), munu fara fram á útborgunardegi þess launatímabils sem ritgerð, fyrirlestur eða kynning er birt eða framkvæmd annarra neðangreindra þátta er lokið.

1.1. Sérstök þóknun fyrir ritstörf

Fyrir ritgerðir sem ritaðar eru að beiðni eða í samráði við sviðsstjóra um málefni sem eru á starfssviði Hafrannsóknastofnunar er greidd þóknun í formi yfirvinnutíma ásamt orlofi. Greiðsla til starfsmanns er m.v. yfirvinnutaxta viðkomandi ásamt orlofi, en þó skal ekki greiða lægri yfirvinnutaxta en sem nemur launaflokki 18, í samræmi við það sem hér segir:

- A. Greitt er fyrir höfundarmerkta grein eða skýrslu. Fyrir greinar í innlend tímarit og greinar í Haf- og vatnarannsóknir er greitt:
 - Fyrir stuttar greinar og skýrslur alls 10 yfirvinnutímar,
 - Fyrir miðlungsstórar greinar og skýrslur alls 20 yfirvinnutímar
 - Fyrir umfangsmiklar greinar og skýrslur alls 30 yfirvinnutímar
 - Fyrir viðamiklar yfirlitsgreinar eða samantektir langtímarannsóknna 30-50 yfirvinnutímarEkki er þó greitt fyrir almenna kafla sem ekki eru höfundarmerktir svo sem í vistfræðiskýrslu eða framlag í skýrslu um ástand nytjastofna.
- B. Fyrir bókarkafla, ritstjórn á fræðibók, grein í ritrýndu innlendu riti (t.d. Náttúrufræðingurinn), erlendu ráðstefnuriti þar sem ritrýni er ekki sambærileg við það sem gerist í venjulegum vísindaritum, stuttar erlendar greinar (short notes, short communications), og fyrir ritstjórn vinnunefndarskýrslu á alþjóðavettvangi eru greiddir 50 yfirvinnutímar.
- C. Fyrir bók, fræðirit og hverja grein í ritrýndu erlendu vísindariti, 3 bls. eða lengri, einnig stuttar greinar í Nature og Science eru greiddir 80 yfirvinnutímar fyrir viðaminni greinar en 100 yfirvinnutímar fyrir viðameiri greinar.

Greitt verður fyrir ritsmíðar í hlutfalli við höfundafjölda samkvæmt eftirfarandi:

- Tveir höfundar: fyrsti höfundur 60%; annar höfundur 40%.
- Þrír höfundar eða fleiri: fyrsti höfundur 50% og afgangur skiptist jafnt milli meðhöfunda.

Heimilt er að skipta hlutfalli á greiðslum með öðrum hætti sé samkomulag um það milli höfunda, þ.e. séu fleiri en einn sem koma að kynningu eða öðru því sem að ofan greinir skal tímafjöldi deilast niður eftir skriflegu samkomulagi hlutaðeigandi.

1.2. Þóknun vegna fyrirlestra

Fyrir fyrirlestra sem fluttir eru að beiðni eða í samráði við sviðsstjóra og eru um málefni sem eru á starfssviði Hafrannsóknastofnunar skal greidd þóknun í formi yfirvinnutíma ásamt orlofi til samræmis við það sem hér segir:

- Inngangsfyrirlestur á ráðstefnu 15
- Erindi / fyrirlestur á ráðstefnu 10
- Erindi á smærri málþingum, málstofu og vinnusmiðjum 5

1.3. Þóknun vegna veggspjalda

Fyrir veggspjöld um málefni á starfssviði Hafrannsóknastofnunar sem eru gerð að beiðni eða í samráði við sviðsstjóra skal greidd þóknun í formi yfirvinnutíma ásamt orlofi til samræmis við það sem hér segir:

- Veggspjaldakynning á vísindaráðstefnu 8
- Veggspjaldakynning á fræðslufundum 4

1.4. Þóknun vegna annarra umfangsmikilla verkefna

Fyrir önnur umfangsmikil verkefni á starfssviði Hafrannsóknastofnunar sem eru unnin að beiðni eða í samráði við sviðsstjóra skal greidd þóknun í formi yfirvinnustunda ásamt orlofi sem hér segir:

- Óvenju umfangsmikil verkefni, t.d. skipulagning á ráðstefnu, uppsetning tækjabúnaðs, undirbúningur og skipulagning verkefna, virkni í alþjóðlegu vísindasamstarfi, styrkir úr samkeppnisjóðum, 10-100 stundir.

Viðauki 2

Rannsóknna og sýnatökuferðir

A) Rannsóknnaferðir á sjó

1. Vinnutími

- 1.1 Leiðangur hefst þegar farið er frá heimabyggð og lýkur honum þegar þangað er komið aftur í beinu framhaldi af leiðangrinum.
- 1.2 Greiðslur gera ráð fyrir 12 klst. vinnutíma á sólarhring.
- 1.3 Þegar því verður við komið skal skilgreina fastan 12 klst. vinnutíma á sólarhring við upphaf hvers leiðangurs.

2. Álag og yfirvinna

- 2.1 Á mánudögum til fimmtudaga skulu greiddar 4 klst. og 55 mín. í yfirvinnu á dag og jafnframt 33.33% vaktaálag í 3 klst. á dag vegna þeirra stunda vinnuskyldu sem falla utan dagvinnutíma. Á föstudögum greiðast 4 klst. og 55 mín. í yfirvinnu á dag og 55% álag á 3 klst.
- 2.2 Á laugardögum og sunnudögum skal greiða 12 klst. og 55 mín í yfirvinnu á dag.
- 2.3 Falli sérstakur frídagur á mánudag til föstudags skal í stað 4 klst. og 55 mín. yfirvinnu skv. 2.1 greiða 12 klst. og 55 mín í yfirvinnu. Í þessum tilvikum greiðist ekki 3 klst. álag skv. 2.1.
- 2.4 Falli stórhátíðardagur á laugardag eða sunnudaga skal greiða 12 klst. og 55 mín. skv. 2.1 með stórhátíðakaupi.
- 2.5 Í leiðöngrum á skipum öðrum en hafrannsóknaskipum skal greiða aukalega ½ klukkustund í yfirvinnu í óþægindaálag hvern sjódag.
- 2.6 Leiðangursstjórar í leiðöngrum með 3 eða fleiri leiðangursmenn, skulu fá greiddar 1,0 klst. í yfirvinnu á dag til viðbótar þeim yfirvinnustundum sem taldar eru í 2.1-2.3 og það með stórhátíðakaupi ef við á. Aðrir leiðangursstjórar fá greidda 0,5 klst. í yfirvinnu á dag.
- 2.7 Til viðbótar yfirvinnu í 2.1-2.3 greiðist fjarvistaruppbót skv. grein 5.12.3 í aðalkjarasamningi.
- 2.8 Frítökuréttur vegna ónógs hvíldartíma er skv. gr. 2.4.5 í aðalkjarasamningi.

3. Brottfarir og komutímar

- 3.1 Tilkynna skal starfsmanni með skýrum hætti með minnst 5 sólarhringa fyrirvara um áætlaðan brottfarartíma og staðfesta brottfarartíma með 1 sólarhrings fyrirvara.
- 3.2 Komi skip til hafnar á laugardögum, sunnudögum eða á sérstökum frídögum skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá miðnætti til komutíma að viðbættum 4 klst., þó aldrei meira en 12 klst. og 55 mín. fyrir þann dag. Greiða skal stórhátíðakaup ef við á.
- 3.3 Verði frestun á staðfestum brottfarartíma og frestur ekki tilkynntur fyrir en eftir kl. 17:00 á brottfarardegi á mánudögum til fimmtudags greiðast 3 klst. í yfirvinnu. Á föstudögum greiðast 4 klst.

SL
m

3.4 Verði frestun á helgidegi og sá frestur ekki tilkynntur fyrir en samdægurs, greiðast 4 klst. í yfirvinnu.

3.5 Verði rof á leiðangri (t.d. vegna bilana eða langvarandi brælu) og leiðangursmenn sendir heim, telst leiðangri ekki lokið fyrir en 12 klst. eftir að ákvörðun um rof var tekin og tilkynnt leiðangursmönnum, en þó ekki fyrir en að til heimabyggðar er komið. Verði ekki framhald á leiðangri telst koma til heimabyggðar lok leiðangurs.

4. Fritökuréttur vegna rannsóknarferða á sjó

4.1 Fyrir hvern virkan dag á sjó öðlast starfsmaður 1 klst. fritökurétt, 1,5 klst. fritökurétt fyrir hvern helgidag og fyrir hvern stórhátíðardag 2 klst.

4.2 Fritökuréttinn skal nýta í síðasta lagi viku eftir lok sjóferðar ef því verður við komið.

5. Kostnaður vegna ferðalaga og gistingar

5.1 Kostnaður vegna ferðalaga og gistingar skal greiddur skv. 5. kafla aðalkjarasamnings.

B) Lengri rannsóknarferðir (einn sólarhringur eða lengri) fjarri föstum vinnustað (t.d. á strandsvæðum eða við ár og vötn)

1. Aðilar eru sammála um að vinna fjarri föstum vinnustað skuli eftir því sem kostur er unnin virka daga. Undantekningar frá því skulu vera í samráði við sviðsstjóra.
2. Á mánudögum til föstudaga skulu greiddar 4 klst. í yfirvinnu á dag
3. Á laugardögum, sunnudögum og sérstökum frídögum skal greiða 12 klst í yfirvinnu á dag.
4. Til viðbótar yfirvinnu í 2.1-2.3 greiðist fjarvistaruppbót skv. grein 5.12.3 í aðalkjarasamningi.

C) Ferðir vegna sýnatöku úr aflu fiskveiðiskipa (á fiskmörkuðum eða fiskvinnsluhúsum) fjarri föstum vinnustað, styttri en 12 klst.

1. Ef ferð er innan við 6 klst. þá eru greiddar 2 klst. í yfirvinnu vegna aukins álags og vinnu í kaffi- og matartíma og við frágang.
2. Ef ferð er 6-12 klst. eru greiddar 4 klst. í yfirvinnu vegna aukins álags, vinnu í kaffi- og matartíma og við frágang.

Bókanir

Bókun 1

Tryggt skal að enginn lækki í launum

Við gerð stofnanasamnings þessa er gengið út frá því að allir hækki um launaflokk og um menntunarákvæði gerðardóms.

Við röðun starfsmanna samkvæmt samningi þessum skal tryggt að enginn lækki í launum.

Mat á menntun

Starfsmenn á hinni nýju stofnun voru ráðnir til starfa á grunni eldri stofnanasamninga og hver og einn starfsmaður naut menntunarákvæða hjá hinum eldri stofnunum. Menntunarákvæðin sem starfsmenn höfðu í eldri stofnanasamningum falla niður 1. júlí 2016 og samhliða því taka ný menntunarákvæði gerðardóms gildi. Meta skal menntun sem krafist er í starfi samkvæmt grein 3.3 og meta skal menntun sem nýtist í starfi samkvæmt grein 4.1 í stofnanasamningi aðila. Að öðru leyti er vísað til ákvæða gerðardóms frá 14. ágúst 2015.

Launaviðtal og launablað

Stofnunin mun við framkvæmd þessa samnings ganga frá sérstöku launablaði fyrir hvern starfsmann eigi síðar en 1. október 2017 þar sem fram koma skýringar á samsetningu launaröðunar sem gildir frá 1. júlí 2016.

Verði gerðar breytingar á röðun starfsmanns eftir 1. júlí 2016 skal útbúa nýtt launaröðunarblað.

Launablöðin skulu undirrituð af báðum aðilum.

Bókun 2

Aðilum er ljóst að túlkun aðila á menntunarákvæðum gerðardóms falla ekki saman og því verður mögulegur ágreiningur úrlausnarefni Félagsdóms.